

Pingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 16. júní 2023
UST202305-334/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023 – Vogar 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 fyrir land í Vogum 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að hluti frístundabyggðar er breytt í íbúðarbyggð.

Hraun og birki

Innan skipulagssvæðisins eru hraun og birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og birkið getur fallið undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið og birkið í tillögunni, það komi fram hvaða leiðir verði farnar og hvaða skilmálar séu settir til þess að forðast rask hraunsins og birkisins sbr. 61. gr.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni og/eða birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð segir markmið skipulagsbreytinganna er að koma til móts við eftirspurn eftir íbúðarlóðum í sveitarfélaginu. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á að skoða önnur svæði sem raska ekki hrauni til að ná markmiðum verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur